



Nýtum tækifærin sem fylgja losun fjármagnshafta

Þjónusta KPMG þvert á landamæri

Janúar 2017

kpmg.is







Losun fjármagnshafta
er ótvírætt eitt mest
aðkallandi hagsmunamál
Íslensks viðskiptalífs

Losun fjármagnshafta

Eftir rúmlega átta ár í fjármagnshöftum hafa lagabreytingar verið samþykktar sem miða að því að losa um þau. Fjármagnshöft voru nauðsynleg til að aðlögun gæti átt sér stað í hagkerfinu í kjölfar bankahrunsins. Þau veittu m.a. svigrúm til endurskipulagningar hagkerfisins og komu stöðugleika á gengi krónunnar.


Höftunum var þó aðeins ætlaður skammur líftími enda almennt talið að fjármagnshöft séu skaðleg efnahagslífi ríkja til lengri tíma lítið auk þess sem þau ganga gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Eftirfarandi atriði hafa verið tekin sem dæmi um skaðsemi fjármagnshafta:

- Draga úr fjárfestingu erlendra aðila hér á landi og skerða samkeppnishæfni Íslands í samanburði við önnur lönd.
- Koma í veg fyrir að innlendir aðilar geti hagnýtt sér viðskiptatækifæri erlendis.
- Takmarka fjárfestingarkosti og eðlilega áhættu-dreifingu fjárfesta.
- Skapa hættu á bólu-myndandi áhrifum á innlendum eignum og eðlilega virkni hlutabréfamarkaðar.

- Hamla vexti innlendra fyrirtækja erlendis og hafa letjandi áhrif, m.a. á nýsköpunar- og sprotafyrirtæki við að sækja á erlenda markaði.

Hvað sem öðru líður er ljóst að eftir um átta ár í höftum eru allar breytingar er lúta að meira frelsi fagnaðarefni.

Rúm átta ár í fjötrum fjármagnshafta



Ísland opnast á ný

Skrefin sem nú hafa verið stigin auka frelsi innlendra aðila til fjármagnshreyfinga til og frá Íslandi og til gjaldeyrisviðskipta.

Helstu breytingarnar sem nú hafa tekið gildi eru:

- Bein erlend fjárfesting innlendra aðila heimiluð að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands.
- Fjárfesting í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjald-eyri og öðrum peningakröfum í erlendum gjaldeyri ásamt fyrirfram- og uppgreiðslu erlendra lána er frjáls að uppfylltum tilteknum skilyrðum og innan tiltekinna fjárhæðamarka.

- Innistæðu- og verðbréfa-flutningar til og frá landinu er heimilaðir innan tiltekinna fjárhæðamarka og að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- Heimildir einstaklinga til kaupa á gjaldeyri í reiðufé rýmkaðar.
- Einstaklingum heimiluð kaup á einni fasteign erlendis á almanaksári, óháð tilefni og kaupverði.

Losun fjármagnshafta er ótvírætt eitt mest aðkallandi hagsmunamál íslensks viðskiptalífs.


Losun hafta – ekki afnám

Þrátt fyrir að nú hafi verið lögfestar breytingar sem liðka fyrir afnámi haftanna standa þó eftir íþyngjandi takmarkanir á flæði fjármagns til og

frá Íslandi og möguleikum til gjald-eyriskaupa. Biðin eftir fullu frelsi og afnámi hafta heldur því áfram. Í athugasemdum með nýsamþykktum lögum um losun hafta er tímasetning á endanlegu afnámi þeirra háð því að:

- Eignasöfn hafi aðlagast æskilegri samsetningu innlendra og erlendra eigna.
- Útflæðisþrýstingur sé viðráðanlegur.
- Stjórnvöld fái svigrúm til að þróa viðeigandi varúðartæki og ná betri yfirsýn yfir fjármálakerfið.

Hvenær og hvernig full losun hafta mun verða, með tilheyrandi óskertu frelsi innlendra aðila á ráðstöfun fjármuna sinna, er hins vegar óljóst.



Hvar eru nýir og betri kostir til ávöxtunar fjármuna? Hvar leynast tækifærin?

Gripum tækifærin

Nú býðst innlendum aðilum aftur að taka þátt í alþjóðaviðskiptum en þessar breytingar hafa áhrif á stöðu mála hér á landi og opna á nýja möguleika. Meðal þess sem við munum sjá er að íslenskir aðilar verða virkari þátttakendur á alþjóðamörkuðum. Fyrirtæki munu sjá tækifæri í því að hefja starfsemi utan Íslands.

Til marks um það eru fjármála-fyrirtæki sem hafa nú þegar opnað skrifstofur erlendis, m.a. í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Fleiri fyrirtæki ættu á komandi misserum að sjá viðlíka tækifæri í að hefja starfsemi erlendis.

Breytingarnar geta valdið straumhvörfum hjá mörgum vaxtar-fyrirtækjum, einkum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem setja stefnuna á vöxt á alþjóðamörkuðum. Nú geta innlend fyrirtæki stofnað eða keypt dótturfélög erlendis án undanþágu frá Seðlabanka Íslands.

Sporin þurfa ekki að hræða

Á sama tíma og jákvæð skref eru stigin í haftalosun standa aðilar á alþjóðamörkuðum frammi fyrir áleitnum spurningum, s.s.

- Þeirri óvissu sem ríkir á erlendum mörkuðum, m.a. vegna Brexit.
- Áhrif minnkandi hagvaxtar í Kína.
- Áhrif rekstrarvanda evrópskra banka.
- Verðlækkun á olíu og áhrif hennar á alþjóðamarkaði.
- Arðsemi á þróuðum skuldabréfamörkuðum sem ekki er mikil (m.a. í Evrópu og Bandaríkjunum).

Sporin þurfa ekki að hræða heldur eigum við að draga lærdóm af fyrri tímabilum án hafta og hvað sé raunverulega nauðsynlegt þegar þrengir að.

Sagan segir okkur að það skiptir m.a. miklu máli að vanda til verka þegar kemur að erlendum fjárfestingum og starfsemi erlendis og þá skiptir ráðgjöf sköpum og

þá helst ráðgjöf frá sérfræðingum á viðkomandi markaði, þ.e. frá heimamönnum.

Þá er mikilvægt að hluti eigna og rekstrar sé utan Íslands, því ekki er tækt að allur sparnaður sé í krónum og innlendum eignum. Í jafn litlu hagkerfi og því íslenska, þar sem innri áhættudreifing milli atvinnugreina er lítil og óstöðugur gjaldmiðill til staðar, skiptir alþjóðleg eignadreifing höfuðmáli.

Mikilvægt að leita ráðgjafar nú

Vegna áleitinna málefna af ýmsu tagi og þeim áskorunum sem alþjóðlegt viðskiptaumhverfi stendur frammi fyrir hefur sjaldan verið eins mikilvægt og nú að leita sér ráðgjafar þegar stefnan er sett á erlenda markaði.

Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli í samkeppni við alþjóðleg fyrirtæki. Sala á vörum og þjónustu fer fram óháð landamærum. Sókn út fyrir landsteinana getur haft jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækja og jafnvel verið forsenda áframhaldandi vaxtar.

Alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki

KPMG er alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki með starfsemi í 152 löndum með yfir 189 þúsund starfsmenn. KPMG á Íslandi á rætur sínar að rekja til ársins 1975 og hefur allt frá upphafi verið í samstarfi við erlenda samstarfsaðila. Í gegnum þessa alþjóðlegu tengingu veitum við viðskiptavinum okkar þjónustu óháð landamærum.

Greiddur aðgangur okkar að öflugum og reynslumiklum sérfræðingum alls staðar í heiminum skiptir gríðarlega miklu máli fyrir viðskiptavinum okkar sem hafa hagsmuna að gæta utan landssteinanna.

Á sama tíma og við leitum til samstarfsfólks okkar erlendis fyrir innlenda viðskiptavinum okkar er einnig leitað til okkar frá öðrum KPMG skrifstofum erlendis vegna viðskipta er tengjast Íslandi. Þannig þjónustum við fjölda erlendra aðila af öllum stærðum og gerðum.

Hjá KPMG starfar alþjóðlegt teymi sérfræðinga sem býður viðskiptavinum sínum sérhæfða þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta- og lögfræðiráðgjafar auk alhliða fjármála- og rekstrarráðgjafar.

Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Viðskiptavinir okkar af öllum stærðum og gerðum búa við flókið og síbreytilegt lagaumhverfi, einkum skattaumhverfi, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Vönduð og árangursrík ráðgjöf okkar til viðskiptavina í skatta- og lögfræðimálefnum hefur veitt þeim samkeppnisforskot og tryggt að rétt sé staðið að málum.

Skatta- og lögfræðisvið KPMG hefur á að skipa fjölbreyttum hópi sérfræðinga sem lokið hafa háskólaprófi á sviðum lögfræði, við-

skipta og endurskoðunar. Starfsmenn skatta- og lögfræðisviðs eru tæplega 30 talsins og meirihluti þeirra er lögfræðingar með málflutningsréttindi fyrir íslenskum dómstólum.

Þessi blanda sérþekkingar á sviðum viðskipta og lögfræði, tengsla og reynslu hefur gert KPMG leiðandi í ráðgjöf á sviði skatta- og lögfræðimála.

Fjármála- og rekstrarráðgjöf

KPMG veitir fyrirtækjum innanlands og erlendis alhliða ráðgjöf. Ráðgjöfin er byggð á alþjóðlegu þjónustuframboði KPMG og er veitt samkvæmt alþjóðlegum gæðakröfum. Starfsmenn ráðgjafarsviðs á Íslandi hafa flestir áralanga reynslu, fjölbreyttan bakgrunn og sérhæfingu í þeirri þjónustu sem þeir veita viðskiptavinum. Þessi blanda gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar þjónustu í hæsta gæðaflokki.

Við njótum stuðnings erlendra ráðgjafa KPMG ef þörf er á við lausn flókinna úrlausnarefna sem ná til fleiri landa. Náð samstarf sérfræðinga KPMG á alþjóðavettvangi er mjög verðmætt þegar kemur að því að greina upplýsingar, tækifæri og valkosti. Ekki síður þegar verið er að koma á viðskiptasamböndum, s.s. tengja fjárfesta saman, finna tækifæri erlendis fyrir innlenda aðila sem og erlenda aðila hér á landi.



Samrunar og yfirtökur

Eftir losun hafta munu innlendir aðilar í auknum mæli vilja kanna fjárfestingartækifæri erlendis. Þá skiptir miklu máli að geta notið aðstoðar aðila sem þekkja lög og reglur í viðkomandi ríki.

Ör þróun og umbreyting viðskiptalífsins kallar á sífelldar breytingar á rekstri fyrirtækja. Kaup og sala, yfirtaka og samrunar fyrirtækja hafa á undanförunum árum orðið æ algengari. Að baki liggur hvati til að styrkja markaðsstöðu, auka hagræðingu í rekstri og ná fram samlegðaráhrifum til að auka arðsemi og bæta nýtingu fjármagns.

Til að ná sem bestum árangri skiptir miklu máli að undirbúningur og framkvæmd samruna eða yfirtöku sé vandaður og unnin af fagmennsku og þekkingu. Alþjóðlegt samstarf KPMG nýtist vel þegar skoða þarf og greina fjárfestingartækifæri erlendis.

Kaup og sala fyrirtækja

- Aðstoð við að leiða félög saman.
- Gagnaöflun, verðmat og greining á viðkomandi markaði.
- Aðstoð við gerð kynningar-gagna og kynninga fyrir fjármálastofnanir og fjárfesta.
- Aðstoð við samningsgerð, í samningaferli og við skjalafrágang.
- Fjármögnun.
- Umsjón með og gerð áreiðanleikakannana.

Samrunar

- Aðstoð við að leiða félög saman.
- Markmið með samruna útlistuð ásamt kostum og göllum.
- Mat á samlegð.
- Mat á skiptihlutföllum.
- Aðgerðaráætlun.
- Kynning fyrir starfsmenn og aðra hagsmunaaðila.

Á Íslandi er áhættudreifing milli atvinnugreina lítil og gjaldmiðill óstöðugur. Því skiptir alþjóðleg eignadreifing höfuðmáli

Nánar um aðstoð við erlendar fjárfestingar

Þegar einstaklingar eða fyrirtæki eiga í viðskiptum á alþjóðavettvangi getur verið mikilvægt að veita skattamálum athygli og sækja ráðgjöf hjá sérfræðingum. Við aðstoðum viðskiptavinum okkar við hvers konar verkefni á sviði alþjóðlegs skattaréttar.

Innlendir aðilar með starfsemi eða tekjur erlendis

Við afnám hafta geta innlendir aðilar hagnýtt sér í auknum mæli þau tækifæri sem felast í aðgengi að erlendum mörkuðum, hvort heldur fyrir starfsemi sína eða til fjárfestinga. Við gætum hagsmuna innlendra aðila vegna starfsemi þeirra erlendis eða tekna sem þeir hafa erlendis frá, m.a. af fjárfestingum eða öðru.

- Við gætum þess að innlendir aðilar starfi í samræmi við skatta- og lagaumhverfi í viðkomandi landi. Að sköttum sé skilað þar í landi í samræmi við lög og reglur o.s.frv.
- Við sækjum um undanþágur frá skattlagningu og skyldu til að halda eftir staðgreiðslu erlendis af tekjum innlendra aðila í samræmi við ákvæði tvísköttunarsamnings.
- Við sækjum um endurgreiðslu á ofgreiddum sköttum erlendis í samræmi við ákvæði tvísköttunarsamnings.
- Við sækjum um lækkun á skatti á Íslandi vegna skatts sem greiddur er í erlendu ríki sem Ísland hefur ekki tvísköttunarsamning við.

- Við veitum ráðgjöf um hvernig heildarskattlagning komi til með að verða ef hefja á starfsemi erlendis eða farið er erlendis til starfa.
- Við sjáum um alla skjalagerð og samskipti við erlend yfirvöld.

Túlkun og beiting tvísköttunarsamninga

Haftalosun fylgir aukið frelsi í milli-ríkjaviðskiptum og auknum viðskiptum á milli landa. Þegar tekjur færast yfir landamæri sæta þær oftast tvískattlagningu. Annars vegar í upprunaríki, þ.e. í því ríki sem þær eru upprunnar og hins vegar í heimilisfestisríki móttakanda. Með tvísköttunarsamningum hafa ríki tekið sig saman um að skipta skattlagningarréttinum milli sín til

að koma í veg fyrir tvísköttun. Sem dæmi um þjónustu og ráðgjöf sem við veitum í tengslum við túlkun og beitingu tvísköttunarsamninga má nefna:

- Almenn ráðgjöf um beitingu og túlkun tvísköttunarsamninga.
- Sækjum um heimild til ríkisskattstjóra eða erlendra skattfyrvalda til að fá undanþágu frá því að halda eftir staðgreiðslu skv. ákvæðum tvísköttunarsamnings.
- Sækjum um endurgreiðslu á ofgreiddum sköttum hér á landi og erlendis skv. ákvæðum tvísköttunarsamnings eða landslaga viðkomandi ríkis.

Milliverðlagning

Við losun hafta geta innlend félög í auknum mæli komið starfsemi sinni á framfæri erlendis með því að hefja þar starfsemi eða eftir atvikum kaupa starfsemi erlendis. Við það myndast samstæður fyrirtækja sem starfa í mörgum löndum.

Alþjóðlegt lagaumhverfi tekur sífelldum breytingum

Víðsvegar í heiminum, þ.m.t. á Íslandi, eru í gildi milliverðlagningarreglur um viðskipti tengdra lögaðila. Reglurnar kveða almennt á um mikilvægi þess að í viðskiptum milli tengdra lögaðila séu verð ákveðin í armslengd, en með því er átt við að verð séu sambærileg því verði sem hefði myndast á markaði milli ótengdra lögaðila.

Skattfyrirvöld hafa heimild til að meta og leiðrétta viðskipti tengdra lögaðila með tilliti til milliverðlagsreglna OECD, ef verðlagning og/ eða skilmálar í viðskiptum milli tengdra lögaðila eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra lögaðila.

Milliverðlagsreglur eru íþyngjandi fyrir þau félög sem undir þær falla. Slík félög eru oft skjölunarskyld vegna viðskipta við tengda lögaðila. Fyrir alþjóðleg fyrirtæki sem þurfa að hlíta skattalöggjöf í fleiru en einu ríki er með skilvirkum milliverðlagsreglum unnt að ná fram ásættanlegum skattgreiðslum í þeim löndum sem þau starfa.

Meðal þeirrar þjónustu sem við veitum er:

- Ráðgjöf um skipulagningu og þróun á viðskipta- og efnahagslega hagkvæmri milliverðlagsstefnu.
- Ráðgjöf um hvort verðlagning á vöru og þjónustu sé í samræmi við milliverðsreglur.
- Heildarumsjón með skjalagerð, s.s. lána, dreifingar- og sölusamninga og samninga um rannsóknar- og þróunarvinnu milli tengdra aðila.
- Aðstoð við reglu- og skjalaskyldu.
- Ráðgjöf við úrlausn ágreinings.

Alhliða lögfræðiráðgjöf

Lagaumhverfi fyrirtækja tekur sífelldum breytingum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Því skiptir máli fyrir fyrirtæki sem eru með starfsemi erlendis eða stefna á að hefja starfsemi erlendis að huga vel að því að lögum og reglum sé fylgt í einu og öllu.

Alþjóðlegt tengslanet KPMG tryggir viðskiptavinum okkar aðgang að allri okkar lögfræðiráðgjöf erlendis með hagkvæmum hætti þegar þess þarf. KPMG fæst við verkefni fyrir viðskiptavinum af öllum stærðum og gerðum, allt frá litlum sprotafyrirtækjum til alþjóðlegra fjárfesta, fjármálastofnana og stórfyrirtækja. Sem dæmi um þá þjónustu og ráðgjöf sem við veitum viðskiptavinum okkar má nefna:

- Banka- og fjármálaréttur.
- Erfðaréttur.
- Evrópuréttur.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Hugverkaréttur.
- Samningaréttur.
- Samkeppnisréttur.
- Vinnuréttur.

Margbætt rekstrarráðgjöf

Fjármögnun

Í gegnum alþjóðleg tengsl hefur KPMG aðgang að fjölmörgum stöðluðum tólum og tækjum til að uppfylla kröfu um ný vinnubrögð auk innri gæðastaðla og þekkingar á alþjóðlegu regluverki sem nú er krafist.

KPMG býr yfir viðtækri reynslu og þekkingu á þessu sviði og hefur aðstoðað fjölda mörg fyrirtæki við öflun lánsfjár og við endurfjármögnun hvort sem um er að ræða staðlaðar lausnir eða sértækar.

Verðmat

Verðmatssérfræðingar KPMG hafa fengið vottun hjá KPMG International. Þar að auki nýtur verðmatsteymi KPMG stuðnings frá verðmatssérfræðingum um allan heim sem hefur mikla þekkingu á sínu sviði og sérhæfingu í atvinnugreinum, sem gerir okkur kleift að verðmeta erlenda fjárfestingarkosti. Þjónustuframboð á sviði verðmats er meðal annars:

- Almenn verðmat á fyrirtækjum.
- Verðmat erlendra fjárfestingarkosta.
- Verðmat á fasteignum.
- Sérhæft verðmat á flóknum eignasöfnum.
- Verðmat í samræmi við uppgjör fyrirtækja.
- Virðisrýrnunarpróf – IAS 36.
- Úthlutun kaupverðs.
- Mat á armslengdarviðskiptum í skattalegum tilgangi.
- Uppsetning verðmatslíkana.

Sviðsmyndir

Starfsumhverfi okkar breytist stöðugt og sífellt hraðar. Þættir eins og losun fjármagnshafta og áhrif þess getur haft mikil áhrif á rekstrarafkomu. Með því að setja upp ólíkar sviðsmyndir eflum við skilning á hugsanlegri framtíðarþróun og helstu óvissuþáttum í starfsumhverfi okkar.

Gerð sviðsmynda er með skilvirkari leiðum til að opna fyrir nýjar hugmyndir, efla stjórnun og auðvelda stefnumarkandi ákvarðanir. Þannig drögum við úr áhættu og aukum aðlögunarhæfni á tímum sífellt örari breytinga, með því að skilja hvernig framtíðin gæti litið út áður en við þurfum að bregðast við.

Stefnumótun

Sérfræðingar KPMG í stefnumótun kappkosta að aðstoða viðskiptavinum með því að tengja saman þekkingu og innsæi á mörkuðum, fjármála-lega sérþekkingu ásamt innleiðingarferli sem skilar viðskiptavinum raunhæfum árangri.

Fastmótað verklag KPMG við stefnumótun nýtist jafnt stærstu fyrirtækjum sem og smærri aðilum við að draga fram sérstöðu sína og skapa þannig samkeppnisyfirburði á mörkuðum. Við leitum leiða til að svara þáttum eins og:

- Hverjar eru bestu leiðirnar til að auka tekjur og bæta hagnað?
- Hvaða ný viðskiptalíkön og þættir geta skapað okkur aukið virði?
- Eru rekstraráætlanir okkar, kostnaðarþættir og áhættugreining tengd stefnumótun og sviðsmyndum?
- Eru við með rétta samsetningu í rekstri, eignum og afkastagetu eða þurfum við að sameina/byggja/fjárfesta/leggja af ákveðna þætti rekstrar?

Endurskipulagning rekstrar og fjárhags

Stór hluti rekstrar fyrirtækja snýst um að leita leiða til að bæta þjónustu eða vörur sínar og um leið hagræða í rekstri og hámarka nýtingu þess fjármagns sem liggur þar að baki. Hvort sem um er að ræða fyrirtæki á innlendum markaði eða sem er að sækja fram á alþjóðlegum mörkuðum við afléttingu gjaldeyrishafta, þá er það krafa hluthafa og annarra hagsmunaaðila að gera betur í dag en í gær.

Eftirfarandi þættir eru hluti af ferli endurskipulagningar:

- Stöðugreining: Úttekt á rekstri og efnahag.
- Tillögur að breytingaferli: Stefna mörkuð, skipulagsbreytingar og fleiri þættir skoðaðir.
- Framkvæmda- og aðgerðaáætlun.
- Fjárhagsskipan: Áhersla er lögð á að bæta fjárhagsskipan til lengri tíma.
- Ferlagreining: Farið yfir alla ferla og lögð áhersla á að einfalda þá eins og kostur er.
- Áætlanagerð: Farið yfir alla framlegðar- og kostnaðarútreikninga. Gerð rekstraráætlun sem innifelur yfirlit yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
- Sjóðs- og skuldastýring: Með forsendum rekstraráætlunar er lagður grunnur að allri sjóðs- og skuldastýringu. Markmiðið er að lágmarka vaxtakostnað og tryggja sem öruggasta stöðu fjármagns á álagstoppum.

Rekstrarstjórnun

Sífelld meiri kröfur eru gerðar um aukna aðlögunarhæfni og getu til að bregðast við nýjum áskorunum. Það á ekki síst við í tengslum við afléttingu fjármagnshafta þegar mörg fyrirtæki sjá ný tækifæri erlendis. Reynslan sýnir að ávinningur næst m.a. með aðferðum rekstrarstjórnunar, einföldun verkferla og áherslu á lykilhæfni í rekstri þar sem markmiðið er hámarksafkast á öllum sviðum. Markmiðið er að tryggja gæði, með lágum tilkostnaði og góðri nýtingu framleiðsluþátta.

Öll ráðgjöf og
þjónusta á einum
stað, innanlands
sem erlendis

Þjónusta á sviði félaga- og fyrirtækjaréttar

Stofnun félaga, sjóða, stofnana og annars konar rekstrarforma

Við höfum mikla reynslu af aðstoð og utanumhaldi við stofnun og skráningu ýmiss konar félaga, sjóða og stofnana bæði hérlandis og erlendis. Við höfum aðstoðað við stofnun á fjöldamörgum félögum fyrir viðskiptavinum okkar erlendis, í því ríki sem þeir óska. Miklu máli skiptir að stofnskjöl séu rétt úr garði gerð og að samskipti við opinbera skráningaraðila gangi vel fyrir sig.

Val á rekstrarformi eftir hentugleika verkefnis og landslögum ríkja

Þegar hefja á rekstur þarf að huga að mörgum þáttum og einn þátturinn er val á formi rekstrarins. Við val á rekstrarformi þarf að taka mið af fjölmörgum þáttum og má helst nefna umfang, varanleiki, skuldbindingar og ábyrgð, fjöldi aðila, skattlagningu, úttekt afkomu og svo mætti lengi telja. Í alþjóðlegri starfsemi skiptir afar miklu máli að gætt sé að öllum þessum þáttum er varðar lög og reglur viðkomandi lands.

Val á fjármögnun félaga eftir löndum, atvikum og félagaformum

Ráðgjöf sem snýr m.a. að vali á mismunandi leiðum við fjármögnun, uppbyggingu fjármögn-

unar, skjalagerð og veitingu veðs. Algengar eru lánveitingar á milli félaga innan samstæðna og lántökur á milli landa þar sem alþjóðleg tenging KPMG er afar mikilvæg.

Uppbygging fyrirtækjasamstæðna og eignarhalds þeirra

Alþjóðleg fyrirtæki sem hafa starfsemi í mörgum löndum þurfa að huga vel að uppsetningu samstæðu sinnar. Slík fyrirtæki hafa félög í mörgum löndum og skiptir þá miklu máli að uppsetning samstæðunnar sé hagkvæm út frá öllum sjónarhornum.

Slit og afskráning félaga, stofnana og sjóða

Við slit félaga, stofnana og sjóða gilda ólíkar en almennt formfastar reglur. Reglur eru mismunandi eftir félagaformum og landslögum þess ríkis þar sem viðkomandi félag er staðsett. Nauðsynlegt er að leita til sérfræðinga, s.s. endurskoðenda og/eða lögmanna við slit á félögum, enda gera lagareglur almennt ráð fyrir skipun skilnefndar og að hana skipi slíkir aðilar.

Breyting á félagaformi

Tilgangur félaga kann að breytast og starfsemi þeirra þróast. Sama á við um rekstrar- og lagaumhverfi þeirra. Því kann að vera hentugt að breyta félagsformi félags á ein-

hverjum tímapunkti. Afar misjafnt er hvort slíkt er framkvæmanlegt. Í sumum tilfellum er að finna lagaheimildir sem heimila breytingu á rekstrarformi án slita. Ræðst þetta allt af þeim reglum sem gilda og viðkomandi félagaform og laga-reglum landslaga viðkomandi ríkis, sé félagið staðsett utan Íslands.

Gerð hluthafasamninga fyrir innlenda og erlenda hluthafa vegna innlendra og erlendra félaga

Þrátt fyrir að samþykktir félaga innihaldi hin ýmsu ákvæði sem varða innbyrðis réttarreglur milli hluthafa er algengt að hluthafar eða hluthafahópur vilji skilgreina samstarf sitt og réttindi nánar. Þá er unnt að gera samning þeirra á milli, oftast nefnt hluthafasamkomulag eða hluthafasamningur. Slíkir samningar geta innihaldið ýmis ákvæði, s.s. um skipun stjórnar, meðferð atkvæða og reglur um meðferð hlutafjár. Hluthafasamningar geta verið mjög flóknir. Mælt er með því að slíkir samningar séu færðir í letur og höfum við mikla reynslu í aðstoð við gerð slíkra samninga, bæði fyrir innlenda sem og erlenda hluthafa og í tengslum við innlend og erlend félög.

Ráðgjöf við gerð samþykktar, félagssamninga og annars er tengist stjórnskipulagi félaga

Samþykktir félaga og félagssamningar eru í raun grundvöllur félaga – lög þeirra. Slíkir gerningar byggja á lagareglum þess ríkis þar sem félagið er staðsett. Einnig þekkist að engum lagareglum sé til að dreifa í landslögum ríkja um hvað skuli koma fram í samþykktum sumra félagaforma. Þá er misjafnt eftir félagaformum og landslögum ríkja hvað aðilar geta samið um sín á milli, eftir því hvað henta þykir í hvert sinn.

Algennt er að samþykktum eða félagssamningi sé breytt oft á líftíma félags. Mikilvægt er að vanda allar slíkar breytingar og að lagt sé mat á hvort þær rúmist innan þeirra laga og reglna er gilda í viðkomandi landi og um hlutaðeigandi félagaform. Við höfum mikla reynslu í aðstoð og ráðgjöf við undirbúning á breytingum á samþykktum félaga af öllum formum og gerðum og hvar sem þau kunna að vera staðsett í heiminum.

Umsjón með hlutaskrá og fundargerðabókum félaga hvort sem félagið er hér á landi eða erlendis.

Gerð starfsreglna fyrir félagsstjórnir

Almennt er að finna ákvæði í félagaréttarlöggjöf ríkja sem kveða á um að stjórnir skuli setja sér starfsreglur. Tilgangur slíkra reglna er yfirleitt að skilgreina hlutverk stjórnarmanna, ekki síst innbyrðis. Nokkuð hefur skort á að stjórnarmenn sinni þessari skyldu sinni og hafa skapast vandamál vegna þess.

Samningagerð

Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að samningagerð því það getur reynst dýrkeypt ef upp koma ágreiningsatriði sem hægt hefði verið að fyrirbyggja frá upphafi.

Farsælast er fyrir samningsaðila að efni samnings taki á sem flestum álitaefnum sem kunna að koma upp þegar á efndir samnings reynir. Með því er unnt að forðast óþarfa ágreining sem kostar bæði tíma og fjármuni og getur einnig skaðað viðskiptasambönd. Það er því mikilvægt við samningsgerð að þarfir samningsaðila séu skilgreindar og sniðnar að þeim þörfum og því markmiði sem að er stefnt. Þá er ekki síður mikilvægt að samningurinn sé útbúinn á þann veg að hann sé í samræmi við lög og þær reglur sem átt geta við hverju sinni.

Dæmi um samninga sem KPMG tekur að sér að útbúa:

- Gerð samningstilboða.
- Kaupsamninga (fasteignir, lausafé, hlutafé, rekstur, o.fl.).
- Afsöl.
- Tryggingarbréf.
- Skjöl til þinglýsingar.
- Gerð lánasamninga, skuldabréfa.
- Samþykktir, fundargerðir og hluthafasamkomulög.
- Ráðningarsamningar.
- Skilnaðarsamningar, fjárskiptasamninga, erfðaskrár og kaupmálar.

Með því að fela KPMG að útbúa skjölin getur þú treyst því að þau séu sniðin að þínum þörfum og í samræmi við þær kröfur sem til skjalanna eru gerðar.

Við gerð flókinna samninga þar sem reynt getur á erlendar réttarreglur njótum við aðstoðar sérfræðinga hjá KPMG skrifstofum viðkomandi lands eða samstarfsaðila þeirra.

Heildarlausnir við gerð áreiðanleikakannana

Áreiðanleikakannanir eru byggðar á alþjóðlegri aðferðafræði KPMG um framkvæmd á áreiðanleikakönnunum en löguð að þörfum og áherslum hvers verkefnis. KPMG leggur sig fram við að aðstoða viðskiptavinum við að meta mikilvægi þeirra atriða sem slíkar kannanir leiða í ljós.

Með áreiðanleikakönnun er verið að staðreyna stöðu fyrirtækis, rekstur og önnur atriði til að varpa skýru ljósi á raunverulega stöðu þess. Slíkar kannanir eru oft undanfari samruna, yfirtöku, skráningu hlutabréfa í kauphöll eða útboðs á hlutafé fyrirtækis. Þær geta veitt líklegum kaupendum mikilvægar upplýsingar um fyrirtækið sem byggðar eru á áreiðanlegum upplýsingum óháðs þriðja aðila.

Áreiðanleikakannanir geta verið jafn mismunandi og fyrirtæki eru mörg. Því er engin ein leið til að setja fram almennar forsendur fyrir áreiðanleikakönnun án tillits til þess fyrirtækis sem á í hlut.

Lögfræðileg áreiðanleikakönnun

Lögfræðilegri áreiðanleikakönnun er ætlað að staðreyna hvort skipulag og rekstur félags sé og hafi verið í samræmi við lög og reglur sem og samþykktir félagsins. Slík könnun getur ennfremur snúið að því að staðfesta eignarrétt félags á eignum sem taldar eru fram í ársreikningi eða að skuldbindingar séu ekki viðtækari en talið hefur verið.

Skattaleg áreiðanleikakönnun

Með skattalegri áreiðanleikakönnun er leitast við að greina skattalega stöðu fyrirtækis. Má hér nefna yfirferð á skattskilum, tekjuskattsskuldbindingu í bókum félagsins, mögulega virðisaukaskattskvöð, hvort rétt hafi verið staðið að virðisaukaskattsskilum, staðgreiðslu o.s.frv. Hér skipta máli heimildir skattyfirvalda til að gera breytingar á skattaskilum félaga. Það getur því þurft að skoða skattaleg málefni félagsins jafn langt aftur í tímann til að upplýsa um mögulegar endurákvæðanir skatta vegna hugsanlegra ágreiningsmála eða mistaka í skattframtalsgerð fyrri ára.

Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun

Með fjárhagslegri áreiðanleikakönnun er verið að ganga úr skugga um að upplýsingar í áreikningi, árs- hlutareikningum og aðrar fjárhagsupplýsingar um félagið gefi rétta mynd af rekstri og fjárhagsstöðu þess. Umfang áreiðanleikakönnunar er ákveðið af viðskiptavinum en meðal atriða sem helst eru skoðuð í fjárhagslegri áreiðanleikakönnun eru:

Breið þekking sérfræðinga KPMG eykur gæði áreiðanleikakannana

Efnahagur félags

Könnunin er byggð á nýjasta endurskoðaða árs-reikningi félags. Unnin er ítarleg greining á eignum og skuldbindingum félags. Dregnar eru sérstaklega fram eignir sem eru ekki rekstrartengdar.

Rekstur

Rekstur félags er skoðaður m.a. í sögulegu samhengi og yfirleitt er miðað við rekstur félags síðustu þriggja ára. Greining á uppruna tekna, sveiflum í rekstri og breytingum á kostnaðarhlutföllum ásamt greinargerð um viðskiptasambönd við viðskiptavini og birgja.

Áætlanir

Greining á fyrirliggjandi áætlunum félags og forsendum. Lagt er mat á forsendur áætlana og oft er unnin frávikagreining á áætlunum og rauntölum fyrri ára til stuðnings við mat á áreiðanleika fyrirliggjandi áætlana. Mat á áætlaðri fjárfestingarþörf.

Tæknilegar áreiðanleikakannanir

KPMG greinir upplýsingatækniumhverfi og metur hve vel stefna í upplýsingatæknimálum fellur að áherslum og stefnu viðskiptavina. Við metum rekstrarlegar áskoranir og áhættu tengt upplýsingatækni við kaup, samruna eða endurskipulagningu fyrirtækja.

Starfsemi KPMG á heimsvísu

Albanía	Dóminíska lýðveldið	Jersey	Mjanmar	Slóvakía
Algería	Egyptaland	Jómfrúaeyjar	Moldóva	Slóvenía
Andorra	Eistland	Jórdanía	Mongólía	Spánn
Angóla	Ekvador	Kambódía	Mónakó	Srí Lanka
Antígva og Barbúda	El Salvador	Kamerún	Mósambík	St. Martin
Argentína	Eyjan Mön	Kanada	Namibía	Suður-Afríka
Armenía	Filippseyjar	Kasakstan	Nígería	Suður-Kórea
Arúba	Finnland	Katar	Níkaragva	Súrínám
Aserbaídsjan	Fídjieyjar	Kenía	Noregur	Svartfjallaland
Austurríki	Fílabeinsströndin	Kirgistan	Nýja-Kaledónía	Svasíland
Ástralía	Frakkland	Kína	Nýja-Sjáland	Sviss
Bahamaeyjar	Franska Pólýnesía	Kongó	Óman	Svíþjóð
Bandaríkin	Gabon	Kostaríka	Pakistan	Taíland
Bangladess	Gana	Kólumbía	Panama	Taívan
Barbados	Georgía	Króatía	Papúa Nýja-Gínea	Tansanía
Barein	Gíbraltar	Kúveit	Perú	Tékkland
Belgía	Grikkland	Kýpur	Portúgal	Tógó
Bermúdaeyjar	Guernsey	Laos	Pólland	Trínidad og Tóbagó
Bosnia og Herzegovína	Gvatemala	Lettland	Rúanda	Turks- og Caicoseyjar
Botswana	Holland	Liechtenstein	Rúmenía	Túnis
Bólivía	Hondúras	Litháen	Rússland	Tyrkland
Brasilía	Hvíta-Rússland	Líbanon	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Ungverjaland
Bretland	Indland	Lúxemborg	Sankti Lúsía	Úganda
Brúnei	Indónesía	Lýðveldið Kongó	Sankti Vinsent og Grenadíneyjar	Úkraína
Búlgarí	Írland	Makedónía	Sádi-Arabía	Úrúgvæ
Caymaneyjar	Ísland	Malasía	Senegal	Venesúela
Chíle	Ísrael	Malaví	Serbía	Víetnam
Cookseyjar	Ítalía	Maldíveyjar	Singapúr	Zambía
Curaçao	Jamaíka	Malta	Sierra Leóne	Zimbabwe
Danmörk	Japan	Marokkó		Pýskaland
	Jemen	Máritíus		
		Mexíkó		

Hafðu samband



Ágúst Karl Guðmundsson

Partner á skatta- og lögfræðisviði
545 6152 / akgudmundsson@kpmg.is



Benedikt K. Magnússon

Partner, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs
545 6236 / bmagnusson@kpmg.is



Jónas Rafn Tómasson

Partner á skatta- og lögfræðisviði
545 6180 / jtomasson@kpmg.is



Soffía Eydís Björgvinsdóttir

Partner, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs
545 6089 / sbjorgvinsdottir@kpmg.is



Svanbjörn Thoroddsen

Partner á ráðgjafarsviði
545 6220 / sthoroddsen@kpmg.is

Hjá alþjóðlegu neti
KPMG starfa um
189.000 manns
í 152 löndum

Reykjavík Borgartúni 27	Höfn í Hornafirði Litlabrú 1
Akranes Kirkjubraut 28	Reyðarfjörður Austurvegi 20
Akureyri Glerárgötu 24	Reykjanesbær Krossmóa 4
Blönduós Húnabraut 4	Sauðárkrókur Borgarmýri 1a
Borgarnes Bjarnarbraut 8	Selfoss Austurvegi 4
Dalvík Ráðhúsi	Skagatrönd Oddagötu 22
Egilsstaðir Fagradalsbraut 11	Stykkishólmur Aðalgata 5
Hafnarfjörður Reykjavíkurvegi 66	Vestmannaeyjar Kirkjuvegi 23
Hella Þrúðvangi 18	Sími 545 6000